

Það eru allir að fara suður. Hér er ekkert um að vera og ekkert við að vera, Hér verða brátt aðeins eyðibýggðir, Hornstrandir 21. aldar eins og einhver spekingurinn sagði. Allir að flytja burt, til tækifæranna og lífskjaranna. Tja - nema náttúrulega að það verði virkjað.

Heyr á endemi.

Ég flutti hingað austur fyrir bráðum fjórum árum. Þá var komið að því hjá mér að festa rætur og byggja framtíð. Fædd og uppalin í Reykjavík, þótti mér ekki fýsilegt að staðnæmast þar frekar en orðið var. Reykjavík er, þrátt fyrir marga góða kosti, bæði með vaxtar- og iðraverki ofsahraða og mannlegs skeytingarleysis.

En því flutti ég austur á land, að ég var sannfærð um að þar um slóðir væri mannlíf í mestum blóma, næg tækifæri fyrir þann sem leitaði þeirra, menningarauðlegð til sjávar og sveita og hin fegursta náttúra. Auk þess var ég sannfærð um að austfirðingar bæru af öðru fólki hvað gáfur og þekkilega sérvisku snerti.

Sannfæring mín var byggð á því sem hún amma mín heitin hafði fyrir mér, þegar ég var barn og unglingur. Hún og afi minn voru bæði rötgróið sveitafólk af Fljótshálsa og neyddust til að bregða búi og flytja suður með fjölskyldu sína laust eftir 1930 vegna heilsuþrengingar afa míns. Ég á óteljandi minningar um ömmu, þar sem hún milli þess að raula sálmavers, sagði mér frá lífinu á Austurlandi, hörku þess lífs og gæðum, dugnaðar- og mannkostafólki, sveitum, bæjum, fjörðum og fjöllum, starfi og leik. Og ég trúði því að Austurland væri nafli míns alheims, að þangað lögju mínar rætur þrátt fyrir vestfirska föðurætt ~~mína~~, sem er stolt fólk og merkilegt.

Eftir að amma mín dó, hélt svo móðir mín áfram að segja mér um liðna tíma eystra og þegar ég loks bar til þess gæfu að koma mér hingað, fann ég í hjartans einlægni, að ég var loksins komin heim. Á réttan stað í veröldinni. Hvert bæjarnafn, fjall og dalverpi fann samhljóm í gamalli frásögn bernsku minnar.

Viðhorfið, sem ég hóf þennan pistil á, er ekki mitt viðhorf. Því fer fjarri. Það er hins vegar eins og einhverskonar tóntegund, sem grúfir yfir Austurlandi um þessar mundir. Þetta er á vondri íslensku kallað væll. Ég hygg að á aldamótaári sé Austfirðingum hollt að velta því fyrir sér hvernig herða skuli stoltið og sjálfsbjargarviðleitnina. Hvernig útrýma má hinum afspyrnu heimskulega hrepparíg fjórðungsins, sem étur innan úr lífsnauðsynlegri samheldni íbúanna og skekkir framtíðarsýn barna okkar. Austfirðingar hafa fyrr gengið í gegnum erfiðleika og hörmungar af ýmsum toga. Bognað á stundum en tæpast brotnað. Verið stoltir af sínu, leitað framfara og trúað á betri tíma. Og svo verður enn.

Ég verð sýn ömmu minnar á austfirðinga og Austurland áfram trú og er stolt af því að fá að telja mig í ykkar hópi. Og því vil ég brýna okkur til dáða og minna á að tækifærin liggja í okkar eigin hugsun og samvinnu, - þangað þurfum við að beina sjónum á nýrri öld. ~~Ög~~ eins og Emerson sagði; ^{svo ávalllega} að hlæja oft og vel, að ávinna sér virðingu hugsandi fólks og elsku barna, að vera metinn að verðleikum af þeim sem auðsýna sanngjarna gagnrýni og standa af sér svik falskra vina, að kunna að meta fegurðina, auðnast að finna hið besta í öðrum, að skilja við heiminn örlitlu betri en hann var, hvort heldur við skiljum eftir okkur heilbrigt barn, ræktaðan garðskika eða endurbætur á samfélaginu, - að vita að tilvera okkar hefur auðveldað líf aðeins einnar annarrar lífveru, Það er að ná árangri.

Hljóðneminn þeytist svo eins og litskrúðug raketta inn í nýtt ár og hafnar í ranni atorkumannsins Gunnars bónda Jónssonar á Egilsstöðum.

Lifið heil.